



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Mánudaginn 19. maí 2014 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Baldur Magnússon, Jensína Lýðsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga

Fyrir fundinum lá kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninganna sem fram fara laugardaginn 31. maí nk. Skráin byggir á kjörskrárstofni sem Þjóðskrá gerir og miðast við skráð lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag, þann 10. maí 2014.

Sveitarstjórn samþykkti kjörskrána og fól sveitarstjóra að undirrita hana og afhenda kjörstjórn, enda hafi ekki komið upp kærur eða athugasemdir sem sveitarstjórn þurfi að taka afstöðu til fram að kjördegi.

2. Samþykkt um kostnaðarþátttöku vegna hitaveituvæðingar

Fyrir fundinum lá tillaga að breytingu á samþykkt sveitarstjórnar um kostnaðarþátttöku vegna hitaveituvæðingar sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar 26. mars 2013. Tillagan gerir ráð fyrir að gildistími samþykktarinnar verði framlengdur til 1. september 2014 og að húseigendur utan þess svæðis á Skagaströnd sem býðst hitaveita geti fallið undir skilgreiningu um kostnaðarþátttöku í kaupum á ofnum fyrir vatnshitakerfi. Tillagan var samþykkt.

3. Atvinnuþróunarsjóður

Fyrir fundinum lá tillaga að úthlutunarreglum atvinnuþróunarsjóðs sem áður voru til umfjöllunar 15. apríl 2014. Sveitarstjórn samþykkti reglurnar en vísaði ákvörðun um valnefnd og upphæð styrkja til nýrrar sveitarstjórnar.

4. Stofnsamningur um félag vegna ferðapjónustu

Fyrir fundinum lá tillag að stofnsamningi og samþykktum fyrir félag sem hefði þann tilgang að beita sér fyrir byggingu hótels á Skagaströnd og leita samstarfsaðila um það verkefni. Hlutfé félagsins verði 5 milljónir sem sveitarfélagið skrifi sig fyrir. Samþykktur svohljóðandi viðauki við fjárhagsáætlun 2014. „Fjárfestingaliður í sjóðstreymi fjárhagsáætlunar hækki um 5 milljónir króna sem komi til lækkunar á handbæru fé og hækkunar á eignarhlutum í félögum.“ Sveitarstjóra falið að boða stofnfund.



5. Bréf:

a. Margrétar Pálu Ólafsdóttur, dags. 16. maí 2014

Með bréfinu þakkar Margrét Pála bæði sveitarstjórn, skólafólki og foreldrum á Skagaströnd fyrir umræður um skólamála á liðnum vetri og einnig fyrir þann áhuga sem fjölmargir aðilar hafa sýnt á samstarfi við Hjallastefnuna. Með vísan til þess að kosningar standa fyrir dyrum í sveitarfélaginu telji hún mikilvægt að ný sveitarstjórn hafi frjálsar hendur um málefni skólasamfélagsins á næstu fjórum árum. Því telji hún rétt að Hjallastefnan dragi sig í hlé og óskar öllu skólasamfélaginu gæfu og gengis.

Fylgiskjal með bréfi Margrétar Pálu var bréf með niðurstöðum skoðanakönnunar sem foreldrafélög leikskóla og grunnskóla létu gera. Þar kemur fram að meirihluti foreldra leikskólabarna vilja Hjallastefnuna inn í leikskólann.

Sveitarstjórn lýsti vonbrigðum með að ekki hefði tekist að ljúka samningagerð við Hjallastefnuna en fram kom að í ljósi þess hve skammt er til sveitarstjórnarkosninga er sveitarstjórn sammála því sjónarmiði að réttara sé að ný sveitarstjórn taki ákvörðun um slíkan samning.

Sveitarstjórn lýsti sérstakri ánægju með framtakssemi og dugnað foreldrafélaga skólanna við gerð skoðanakönnunar meðal foreldra.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að taka saman greinargerð um feril Hjallastefnumálsins og senda sveitarstjórn.

b. Fræðsluskrifstofu Skagafjarðar og A-Hún , dags. 5. maí 2014

Bréfið er afrit af bréfi til Kristjáns Júlíussonar, heilbrigðisráðherra þar sem fræðslustjórnir Herdís Sæmundardóttir og Guðjón Ólafsson ásamt Ingvari Guðnasyni sálfræðingi lýsa áhyggjum sínum vegna slæmra horfa í geðheilbrigðismálum barna og unglunga á Norðurlandi. Lögð er áhersla á að geðheilbrigðisþjónusta fyrir börn og unglunga á vegum FSA sé bráðnauðsynleg og því fara bréfritarar þess á leit við ráðherra að leitað verði allra leiða til að viðhalda henni.

Bréfið var til kynningar en sveitarstjórn lýsti stuðningi sínum við erindi þess.

c. Djásn & Dúllerís, dags. 15. maí 2014

Með bréfinu óska aðstandendur handverksmarkaðarins eftir stuðningi við hann með því að sveitarfélagið leggi til starfsmann í 4 tíma virka daga frá 9. júní til 17. ágúst.

Erindið var samþykkt.

6. Fundargerðir

Stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 12.05.2014

Fundargerðin var til kynningar



7. Önnur mál

Þar sem fundurinn var síðasti fundur sitjandi sveitarstjórnar þakkaði oddviti sveitarstjórn og sveitarstjóra gott og árangursríkt samstarf á kjörtímabilinu.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 10.00

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Baldur Magnússon

Jensína Lýðsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson